

HÁMENNTAÐAR ASÍSKAR KONUR Á ÍSLENSKUM VINNUMARKAÐI: STAÐALÍMYNDIR OG SJÁLFSMYNDIR

Póra Christiansen, aðjúnkt, Háskóli Íslands
Erla Sólveig Kristjánsdóttir, lektor, Háskóli Íslands

Innflytjendur frá Asíu, þá sérstaklega konur, voru lengi einna mest áberandi hópur innflytjenda á Íslandi. Þjóðfélagið hefur myndað sterka, og fremur neikvæða, staðalímynd af þessum konum og þær hafa mætt miklum fordómum. Hátt menntunarstig og frami í starfi stríðir gegn þessari staðalímynd. Sjónum er því beint að innflytjendakonum frá Asíu sem hafa lokið háskólamenntun og staða þeirra í atvinnulífinu er sérstaklega skoðuð út frá skörun (*intersectionality*) eiginleika eins og þjóðernis, trúarbragða, kynþáttar og kyns. Markmiðið er að dýpka skilning á upplifun þeirra af hindrunum sem verða á vegi þeirra að starfsframa og starfsmöguleikum. Hálf-opin djúpvíðtöl voru tekin við 12 háskólamenntaðar konur frá Kína, Filippseyjum, Indónesíu, Thailandi og Vietnam. Konurnar starfa í ýmsum geirum atvinnulífsins og hafa búið á Íslandi í 5-29 ár. Víðtölin voru greind með aðferðum fyrirbærafræðinnar. Frumniðurstöður benda til að þær upplifi að sem konur og útlendingar standi þær höllum fæti því þær falla ekki að mikilvægum staðalímyndum, t.a.m. fjármálastjórans, sem er hvítur íslenskur karl í jakkafötum. Þær upplifa að eiga ekki möguleika á að vera teknar inn í eigendahópinn; þangað eru einungis teknir þeir sem samsamast hópnunum og flytja með sér sitt tengslanet. Þær sem náð hafa góðum árangri í starfi eru meðvitaðar um að þurfa að leggja hart að sér við að mynda tengsl og þær taka ábyrgðina á að tengjast hinum lokuðu Íslendingum. Þær upplifa að yfirmenn sýna þeim sérstaka umhyggju, en það vekur upp spurninguna hvort staðalímynd hlýðnu og vinnusömu asísku konunnar geti hindrað frama þeirra ef þær eru ekki teknar alvarlega, virðast of óframfærnar; hvort vinnuveitendur gangi á lagið og notfæri sér hollustu þeirra? Rannsóknin er mikilvægt framlag inn í umræðuna um þróunina á íslenskum vinnumarkaði þar sem innflytjendum á Íslandi fjölgar hratt og mikilvægt er að rödd þeirra komi sterkt inn.